

Miðvikudaginn 11. október 1989.

Nr. 263/1988. **Lilja Óladóttir**

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

gegn

Gunnari Kjartanssyni

(Hákon Árnason hrl.).

Skaðabætur. Dýr, ábyrgð á.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1988, og krefst hún þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að sýknukrafa hennar í héraði verði tekin til greina. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmd til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Slys það, sem mál þetta snýst um, varð á Upphéraðsvegi í Fljótsdal. Áfrýjanda mátti vera ljóst, að gera varð ráð fyrir umferð ökutækja um veg þennan, og bar henni að haga ferð sinni með tilliti til þess. Af gögnum málsins verður ráðið, að hestur áfrýjanda hafi ekki verið á hægri vegarhelmingi, er bifreið stefnda nálgadist, svo sem boðið var í 63. gr. þágildandi umferðarlaga, nr. 40/1968. Samkvæmt vettvangsuppdrætti var hesturinn kominn yfir á vinstri vegarhelming, er hann rakst á bifreiðina. Verður því að telja, að slysið megi að hluta rekja til gáleysis áfrýjanda. Hins vegar er og ljóst, að stefndi sýndi ekki þá varkárni í akstri sínum, er aðstæður buðu, og er þá einkum haft í huga, að hann ók í svartamyrkri um hlykkjóttan og á köflum þröngan veg og var að koma yfir blindhæð. Enda þótt ekki verði talið sannað, að hann hafi ekið hraðar en 55-60 km miðað við klukkustund, þykir sá ökuhraði hafa verið of mikill við ofangreindar aðstæður, sbr. 49. gr. þágildandi umferðarlaga. Með hliðsjón af þessu þykir rétt, að niðurstaða héraðsdóms um sakarskiptingu verði óröskuð.

Matsgerð í málinu hefur ekki verið hnekkkt, og verður ákvæði héraðsdóms um bótafjárhæð því staðfest.

Vaxtakrafa stefnda virðist miðuð við meðaltal almennra vaxta

nýrra skuldabréfa banka og sparisjóða, sem Seðlabanki Íslands reiknar og birtir. Vaxtakrafa þessi brýtur ekki gegn ákvæðum vaxtalaga, nr. 25/1987, og hefur ekki sætt andmælum. Má því staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um vexti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Norður-Múlasýslu 3. júní 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. maí 1988, hefur Gunnar Kjartansson, nnr. 3367-9298, Glúmsstöðum II Fljótsdal, Norður-Múlasýslu, höfðað fyrir dóminum 3. júní 1987 á hendur Lilju Óladóttur, nnr. 6109-4067, Merki, Jökuldalshreppi, Norður-Múlasýslu.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndu verði gert að greiða skaðabætur, að fjárhæð 112.624,00 kr., ásamt ársvöxtum frá 7.2. 1986, 32% frá 7.2.86 til 1.3.86, 20% frá 1.3.86 til 1.4.86, 15,5% frá 1.4.86 til 31.11.86, 16,4% frá 31.11.86 til 31.1.87, 17,6% frá 31.1.87 til 28.2.87, 20% frá 28.2.87 til 31.3.87, 21,2% frá 31.3.87 til 30.4.87, en frá þeim degi skv. meðaltalsvaxtaútreikningi Seðlabanka Íslands, eins og vextir eru á hverjum tíma. Þá er þess krafist, að í dómsorði kveði svo á, að á fallnir vextir bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 7.2.1987. Þá er krafist alls málskostnaðar úr hendi stefndu.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði greiddur riflegur málskostnaður. Stefnandi, ökumaður bifreiðar, krefur vörslumann hryssunnar, stefndu, um bætur vegna skemmda á bifreið, er varð hinn 10. mars 1985 með þeim hætti, að bifreiðin og hryssan lentu saman á Upphéraðsvegi í Fljótsdal, rétt fyrir sunnan Hrafnkelsstaði. Dómkrafan er og tölulega vefengd af stefndu, þar sem varahlutir eru taldir allt of hátt metnir. Í réttarhaldi 2. desember 1987 ákváðu aðilar, að fram færi skriflegur málflutningur.

II.

Það mun hafa verið um klukkan hálfnúu sunnudaginn 10. mars, að stefnandi, ökumaður bifreiðarinnar S 870, var að aka eftir Upphéraðsvegi í svo-nefndri Hlíð á leið til Egilsstaða. Ekki eru aðilar sammála um hraða, en ökumaður telur hann hafa verið um 55-60 km á klukkustund. Hann ók

með háum geisla og var svartamyrkur. Þegar stefnandi var kominn yfir hæðina, rétt fyrir innan slyssað, hefði hann skyndilega séð hesta og hemlað um leið. Stefnda segist hafa riðið einhesta á undan Önnu Bryndísi Tryggvadóttur, en hún hafði þrjá til reiðar. Stefnda segist hafa séð bjarma af bíljósum, en hann hafi verið örskamma stund sýnilegur, áður en bifreið birtist á hæðarbrún. Virðast ljósin hafa blindað hestinn, sem hún reið, og hann fælst, tekið af sér völdin og stefnt í ljósin, og hafi brjóst hestsins lent framan á bifreiðinni vinstra megin. Við það hafi hún henst af hrossinu með hægri hluta andlitsins á topp bifreiðarinnar, farið kollhnís á þakinu og síðan hafnað úti í skurði. Merin hefði lent á bifreiðinni, henst síðan aftur á bak í skurð og hryggbrotnað í fallinu. Jón Pétursson dýralæknir kom á staðinn klukkan hálf tíu og staðfesti, að aflífa skyldi hryssuna. Hún hafði fulla meðvitund, en hafði legið í röskan klukkutíma, lömuð aftan mjóhryggjar og tilfinningalaus í afturfótum. Var hún því tafarlaust aflífueð, og kom síðar í ljós, að hún hafði hryggbrotnað.

Mikið ber á milli stefnanda og stefndu um tildrög málsins og kröfugerð. Skal það nánar rakið.

III.

Stefnandi reisir kröfur sínar á almennum skaðabótareglum, þ.e. sérstaklega sakareglunni. Hann telur, að stefnda beri ábyrgð á tjóni því, sem varð á bifreið stefnanda, samkvæmt almennum skaðabótareglum, og vísar máli sínu til stuðnings í lögregluskýrslu, er segir um aðdraganda óhappsins:

„Um það leyti, sem ökumaðurinn lækkaði ljósin, hafi hryssan, sem hún hafi riðið, sett undir sig hausinn og við það hafi hægst á hraða hennar. Stefnda kveðst þegar hafa gert sér grein fyrir því, að hverju stefndi, og hafi hún reynt það, sem hægt var, til að koma hestinum aftur yfir á hægri vegarhelming, en um leið og hesturinn hafi blindast af ljósunum, hafi hann tekið völdin af sér og stefnt beint í ljósin.“ Stefndi telur og, að stefnda hafi misst vald á hestinum og riðið beint á bifreið sína.

Þá vísar stefnandi til framburðar vitnisins Önnu Bryndísa Tryggvadóttur. „Þegar ljósin af bifreiðinni hafi lent á hesti Lilju, hafi þær báðar virst frjósá, það er verða stjarfar, — hér er átt við Lilju og merina, — og hafi merin sett undir sig hausinn og stefnt beint á ljósin.“ Vitnið kveður sér hafa fundist sem Lilja reyndi að koma hestinum út í vinstri vegkant, miðað við hennar reiðstefnu. Vitnið kveður þó líklegra, að Lilja hafi reynt að koma hestinum yfir á hægri vegarbrún, miðað við reiðstefnu hennar.“

Stefnandi heldur því fram, að reiðmenn og hestarnir hafi algjörlega lokað veginum, og til að koma í veg fyrir að lenda á hestinum hafi hann hemlað. Í umræddu tilviki var stefnda með hestinn í láni. Stefnda er þó óumdeilanlega umsjónarmaður hestsins, þegar atvikið verður.

Ekkert bendir til annars en stefnandi hafi ekið gætilega í umrætt sinn, og kveður Anna Bryndís líklegan ökuhraða stefnanda hafa verið 50-60 km/klst. Þegar framanritað er virt, verður að telja sannað, að stefnda hafi ekki sýnt af sér næga aðgæslu. Hún hafi riðið svo innarlega á veginum, að hestur hennar hafi fælst við ljósin á bifreiðinni og hún við það misst vald á honum. Telja verður, að alm. skaðabótareglan eigi hér við um hátt-erni stefndu, og þar sem hún er umsjónarmaður hestsins, telst hún bera bótaábyrgð á tjóni stefnanda.

Stefnandi telur þessi atriði í háttsemi stefndu og hegðun slík, að rétt sé að fjalla sérstaklega um þau.

1. Eins og áður er fram komið í skjölum málsins og framburði fyrir dómi, má fullyrða, að stefnda hefur riðið á röngum vegarhelmingi eða við miðju vegarins, þegar hún nálgadist blindhæðina, og því orðið að sýna sérstaka aðgæslu.

2. Stefnda lýsti því fyrir dómi, að hún hefði gert sér grein fyrir því, að ferðin gæti orðið erfið vegna blindhæða og aðstæðna. Einnig gat stefnda þess, að hrossið hefði verið taumstíft og mjög viljugt og að hún hefði aðeins riðið því tvisvar áður.

3. Það má telja með ólíkindum, að hvorki stefnda né vitnið Anna hafi séð bjarma frá ljósum bifreiðar stefnanda. Hafi svo ekki verið, bendir það til þess, að stúlkurnar hafi ekki sýnt þá aðgætni, sem gera má kröfu til.

Þá kemur til athugunar háttsemi stefnanda.

Ekki verður annað ráðið af skjölum málsins en stefnandi hafi ekið varlega. Skv. upplýsingum umferðardeildar lögreglunnar í Reykjavík teljast 10 m hemlaför jafngilda hraða frá 30-35 km/klst. samkv. viðurkenndri mælingaviðmiðun lögreglunnar. Af þessum staðreyndum má ráða, að hraði bifreiðar stefnanda hafi eigi verið yfir 40 km/klst. umrætt sinn. Einnig skal bent á þá verklagsreglu bifreiðadeilda váttryggingafélaga að skipta eigi sök, nema hemlaför mælist lengri en 14 m utan bæjar. Þá ítrekar stefnandi, að stefnda væri á hægri vegarhelmingi, er árekstur varð. Stefnandi mótmælir framburði dýralæknisins sem röngum og ónákvæmum. Þá bendir stefnandi á, að tvö atriði umferðarlaga komi til álita, annars vegar 2. mgr. 49. gr. laga nr. 40/1968, um leyfilegan hraða, og í öðru lagi 67. gr. umferðarlaga. Um kröfugerðina vísar hann til staðfestingar matsmanna, en þeir segja varahluti í góðu lagi, og því sé rétt að miða við nýja varahluti hjá umboðinu. Þá leggur hann fram sundurliðaðan málskostnaðarreikning.

IV.

Stefnda reisir kröfur sínar á glannalegum akstri stefnanda og telur það óskiljanlegt, að hann skyldi ekki ákærður. Hann ók með ofsahraða um vegarkafli, sem á var blindhæð og lá að auki um þrengsli, þar sem ómögu-

legt er að víkja af vegi, enda þótt stefnandi væri þaulkunnugur. Þyngst á metunum um mikinn hraða telur stefnda vætti dýralæknisins Jóns Péturssonar, sem á 30 ára tímabili hefur þekkt svipaðar aðstæður. En hann tók fram, að í öll önnur skipti, sem hann hefði komið að, hefðu dýrin klesst á ökutækinu, en ekki kastast frá, og sýndi það, að hraðinn hefði verið mikill. En auk þess hefði hryssan kastast 4-6 metra og hryggbrotnað og stefnda henst yfir bifreiðina, og sýndi þetta, að um ofsahraða hefði verið að ræða á bifreiðinni.

Á það er og bent, að hvorug konan, þ.e. stefnda og Anna, varð vör við bifreiðina, fyrr en hún kom æðandi á ofsahraða yfir blindhæðina og hefur því borið leiftursnöggð að.

Af gögnum málsins sjáist, að stefnda og samferðakona hennar hafi sýnt fyllstu aðgætni, riðið utan vegar, þar sem því varð við komið, og riðið hvor á eftir annarri. Hins vegar er ljóst, að hryssan blindaðist af ljósunum, þegar bifreiðin kom æðandi yfir blindhæð, og hefði jafnvel skynsemi gædd mannvera orðið fyrir hinu sama.

Stefnda leggur áherslu á, að þegar slysið varð, var svartamyrkur. Stefnandi viðurkenni 55-60 km hraða, en ökumenn hneigist til þess að segja hraða sem minnstan. Samferðakona stefndu, Anna Tryggvadóttir, taldi fyrir rétti, að hún gæti ekki gert sér grein fyrir hraða bifreiðarinnar, en teldi eftir á að hyggja, að hann hefði verið meiri en komi fram í lögregluskýrslu. Hún teldi og hemlaför hafa náð lengra en bifreiðin fór, og bendi það til, að bifreiðinni hafi verið ekið aftur á bak eftir áreksturinn. Þá vísar stefnda til sama vitnis um, að bifreið stefnanda hafi verið á röngum kanti, en hún segir fyrir rétti, að hún vilji ítreka, að bifreiðin hafi verið ívið meira á vinstra kanti, þegar hún kom upp hæðina, og „skrensað“ til hægri, þegar ökumaður hemlaði. Þá segir hin sama um hestinn, að hrossið hafi látið vel að stjórn og enginn vandi að riða því. Um hemlaför bifreiðarinnar sé það að segja, að þau gefi nánast engar upplýsingar um annað en það, að um ofsahraða hafi verið að ræða, því að þegar umferðardeild lögreglunnar miðar við hemlaför, sé ekki tekið með í reikninginn, að bifreið stöðvast við að henda 360 kg fargi, þ.e. hryssunni, um 5-6 metra. Stefnda mótmælir matsgjörð, sem skaðabætur eru byggðar á, og leggur fram vottorð, sem sýnir, að það tíðkist, að fengnir séu varahlutir hjá bílapartasölum, þegar um eldri gerðir væri að ræða, sem eigi við í máli þessu, en hér sé um al-gengan Bronco-jeppa að ræða, sem auðvelt sé að fá varastykki í úr bifreiðum, sem lent hafa í óhöppum.

Á það er og bent, að það sé nánast óskammfeilni og vanþakklæti við máttarvöld hjá stefnanda máls þessa að hafa látið efna til málareksturs, og því beri við ákvörðun málskostnaðar að taka tillit til þess ónæðis og leiðinda, sem stefnda hefur haft.

Álit dómsins.

Að gefnu tilefni skal upplýst, að mál varðandi umrætt umferðarslys var sent ríkissaksóknara 4. mars 1986, og með bréfi hans, dags. 7. apríl 1986, voru ákærur felldar niður.

Það er upplýst, að þegar áreksturinn bar að höndum, hafi verið dimmt og ekki tunglsljós.

Slysið varð á Upphéraðsvegi, í svonefndri Hlíð, sem er skammt sunnan við Hrafnkelsstaði í Fljótsdal, rétt norðan við beygju á veginum, og var bifreiðin að koma af hæðarbrún. Vegurinn er þarna bugðóttur, þröngur og mishæðóttur, en upplýst er, að bæði stefnandi og stefnda gjörþekktu aðstæður allar. Bifreiðarstjórinn, stefnandi, hlaut að gera sér grein fyrir, að nauðsynlegt gat verið að stöðva bifreiðina með stuttum fyrirvara. Einnig vegna allra aðstæðna var einmitt hætta á, að ljós frá bifreiðinni sæjust illa frá umferð á móti. Dómari telur, að 55-60 km hraði miðað við þessar aðstæður á árekstursstaðnum, sem stefnandi sjálfur segist hafa ekið, hafi verið óhæfilega mikill. Margt bendir og til þess, að hraðinn hafi verið meiri, þar sem hemlaför segja ekki til um hann, vegna þess að við áreksturinn stöðvaðist bifreiðin að sjálfsögðu fyrr. Telja verður og upplýst, að bifreiðin var á mikilli ferð, er áreksturinn varð og hryssan hentist 5-6 metra aftur fyrir sig og hryggbrotnaði í fallinu.

Bifreiðarstjóra ber að gera ráð fyrir við framangreindar aðstæður að geta stöðvað bifreið í tæka tíð, sbr. 2. mgr. 49. gr. laga nr. 40/1968. Hafa ber í huga í þessu tilviki, að sérstök skylda hvíldi á ökumanni til þess að sýna ýtrustu varkárni, sbr. það sem ýmsir málsliðir 3. mgr. 49. gr. laga nr. 40/1968 gera ráð fyrir og eiga við í þessu tilviki. Meta verður framangreint til alvarlegs aðgæsluskorts, sem hafi verið aðalorsök slyssins.

Hins vegar sýndi stefnda ekki þá varkárni, sem af henni verður að krefjast við þessar aðstæður. Í lögregluskýrslu og fyrir rétti telur samferðakona hennar, Anna, að stefnda hafi verið 1-2 hestlengdir á undan á miðjum veginum. Samkvæmt 63. gr. laga nr. 40/1968 skal reiðmaður halda sig á hægri hluta vegar til þess að geta vikið greiðlega fyrir umferð, og hafa ber það einnig í huga, að stefnda hafði aðeins riðið hryssunni tvisvar og hún var taumstíf og mjög viljugt hross að hennar eigin sögn. Stefnda var vörslumaður hryssunnar og bar því ekki hlutlæga ábyrgð á henni og verður ekki sérstaklega sakfelld fyrir, að hryssan fældist, miðað við aðstæður allar eins og rakið hefur verið.

Með hliðsjón af framangreindu er það mat réttarins, að stefndu beri að greiða 1/4 hluta kostnaðar vegna árekstursins, sbr. 3. mgr. 67. gr. laga nr. 40/1968.

Í máli þessu hefur stefnda ekki sett fram neinar kröfur vegna eigin meiðsla eða vinnutaps vegna slyssins.

Við ákvörðun á tjónsviðgerðakostnaði bifreiðarinnar þykir rétt að gera ráð fyrir, að keyptir verði nýir varahlutir, eins og matsmenn hafa gert í mati sínu. Af hálfu stefndu hefur ekki verið krafist dómkvaðningar yfirmats. Er því viðgerðarkostnaður, 104.500,00 kr., tekinn til greina að 1/4 hluta, 26.125,00 kr., ásamt kostnaði við dómkvaðningu, 8.094,00 kr., samtals 34.219,00 kr., ásamt ársvöxtum frá 7.2.1986, 32% frá 7.2.86 til 1.3.86, 20% frá 1.3.86 til 1.4.86, 15,5% frá 1.4.86 til 30.11.86, 16,4% frá 30.11.86 til 31.1.87, 17,6% frá 31.1.87 til 28.2.87, 20% frá 28.2.87 til 31.3.87, 21,2% frá 31.3.87 til 30.4.87, en frá þeim degi skv. meðaltalsvaxtaútreikningi Seðlabanka Íslands, eins og vextir eru á hverjum tíma. Fallist er á, að á fallnir vextir bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 7.2.87.

Með hliðsjón af málsatvikum og vegna margvíslegra vafaatriða telst málskostnaður hæfilega ákveðinn 15.000,00 kr.

Sigurður Helgason sýslumaður kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Lilja Óladóttir, greiði stefnanda, Gunnari Kjartanssyni, 34.219,00 kr. með ársvöxtum frá 7.2.86, 32% frá 7.2.86 til 1.3.86, 30.11.86 til 31.1.87, 17,6% frá 31.1.87 til 28.2.87, 20% frá 22.2.87 til 31.3.87, 21,2% frá 31.3.87 til 30.4.87, en frá þeim degi skv. meðaltalsvaxtaútreikningi frá Seðlabanka Íslands, eins og vextir eru á hverjum tíma, og að á fallnir vextir bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 7.2.1987, og 15.000,00 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.